Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

Sýning Eyborgar


Eyborg Guðmundsdóttir, sem um þessar mundir sýnir í sýningarsölum Norræna hússins, hefur nokkra sérstöðu meðal íslenzkra myndlistarmanna. Myndirnar hennar, hvort heldur um er að ræða málverk, hluti eða glermyndir í hreinni rúmtaksvídd, eða sjónhverfuvídd („op" list) koma fyrir sjónir sem nokkurs konar viðbót við geometríutímabilið á fimmta áratugnum. Hefði umrædd sýning verið opnuð á þeim tíma, hefði hún þótt stórmerk viðbót við það sem menn voru þá að kljást við innan ákaflega þröngs ramma. Heil áratugur merkilegra umbrota í framúrstefnulist meginlandsins fór í það hérlendis að vinna á níðþröngu sviði innan flatarmálslistarinnar (geometríunnar). Við skulum líta yfir sviðið og athuga lítillega gang þróunarinnar. Fram að 1950 bar mest á hrjúfum vinnubrögðum á myndfletinum, þar sem hin umbúðalausa, expressíva litasjón skipti mestu máli, en nú fer geometrían að hasla sér völl hér og með henni fráhvarfið frá Picasso, líkt og annars staðar í Evrópu. Eftir 1950 þrengdi svonefnd „önnur bylgja" hinnar köldu abstraksjonar sér fram, og þó ekki án erfiðsmuna. Tímabil þetta, sem náði fram að 1960 og jafnvel lengur hér á landi, má einnig nefna „grafalvarlega tímabilið". Heil kynslóð nýrra málara reynir að feta í fótspor málara líkt og **Magnelli, Arp, Herbins** o.fl. í því skyni að skapa varanlega og fastmótaða fræðilega list, sem væri „fallegri" en lista **Mondrians,** og þannig þróaðist smám saman fram að 1955 vanabundin og stundum tilgerðarleg formfesta, sem teygðist út. Þetta var ósjaldan tilraun til að koma aukinni dýnamík í nýplastíkina. Nokkrir Íslendingar sem dvöldust í París á þeim tíma, hrifust af þessu og fluttu heim með sér. Þetta þótti hið eina rétta nær allan þann áratug, og sannfæringin um gildi stefnunnar og óskeikulleika var nær óraskanleg, og allt annað lítilsvert, þótt sumt ætti vissan rétt á sér. Meinbugurinn í þessari þróun var, öðru fremur, hve þröngt sviðið var, sem Íslendingarnir tileinkuðu sér, og hve fáa möguleika það gaf stórum hluta þeirra málara, sem ánetjuðust stefnunni, þannig að þeir hreinlega gáfust upp eða máluðu langt undir raunverulegri getu. Viðleitni íslenzkra málara í átt að framúrstefnulist hefur því miður undantekningarlítið einkennzt af rótgróinni íhaldssemi og kreddufestu og jafnframt umburðar- og skilningsleysi gagnvart öðrum gildum. Á sama tíma og þetta var að gerast, voru til málarar í París, sem e.t.v. bar minna á á þeim tímum, sem einbeittu sér að því að svipta orðinu „komposition", litasambönd og „plastík" sérhverri meiningu **(Jesus Rafael Soto o.fl.).** Til þess að umræða og athafnasemi geti skapazt um eitthvert nýtt gildi þarf einmitt rökfast andsvar við því, sem haldið er til streitu, og gefur það viðleitninni aukna vídd. Það verður sjaldan til svipmikilla umbrota, er allir mála hver í kapp við annan eftir sömu þröngu formúlunni, það gneistar ekki af slíku en kallar frekar heim værðarleg vinnubrögð.

Þó að Eyborg eigi margt sameiginlegt með þessum málurum, þá koma fram hjá henni ný viðhorf, sem hefðu verið ákaflega dýrmæt fyrir tveim áratugum og eiga ennþá fyllsta rétt á sér, en á allt annan hátt. Eyborg hefur hrifizt af mörgu innan geometríunnar og tileinkað sér margt af vinnubrögðum forveranna, en við því er ekkert að segja, því að öll list byggist á opnum viðhorfum fyrir umhverfinu, og kvíi að viða að sér áhrifum, eingetin list hefur ennþá ekki séð dagsins ljós.


Eyborg blandar ósjaldan hreinum flatarmálsformum optískri sjón og nær ósjaldan áhugaverðum árangri, en hinsvegar eru fæstar af myndum hennar róttækar optík-myndir og ekkert í líkingu við suma hreinræktaða „optík"-list svipað og t.d. hjá kynsystrur hennar **Bridgey Riley.**

Ekki veit ég með fullri vissu, hvaða Íslendingur kynnti „op"-list fyrstur manna hérlendis, en ég veit með vissu, að fyrsti maðurinn til að kynna hreinræktaða optík var Svisslendingurinn **Diter Rot,** sem margir þekkja, enda dvaldi hann langdvölum hérlendis og átti um skeið íslenzka eiginkonu. En þetta atriði hver sé fyrstur með fréttirnar, er hálf annkannalegt í mínum augum, því að sjálfur árangurinn er hér jafnan stórum áhugaverðari að mínu mati.

Sýning Eyborgar er mjög heilleg þó að þar kenni margra grasa, og henni er vel fyrir komið, þó að glermyndirnar njóti sín vart sem skyldi, vantar ljós eða dagsbirtu í gegnum myndirnar. Áberandi er, hve myndin nr. 26, „Tileinkun", nýtur sín miklu betur en á kvennasýningunni og öðlast nýtt og meira líf, myndin við hlið hennar, „Linear-Space", er einnig vel og umhyggjusamlega máluð. Mikil natni og nákvæmni í ætt við **Vasarely** er í mynd nr. 17, „Hljómar", einnig í myndunum **„Feluleikur"** (6) og „Altaristafla" (9). Fleiri myndir mætti nefna, en upptalning hefur vafasaman tilgang, því að myndir virka misjafnlega á skoðendur. Aðalatriðið er hér, að Eyborg hefur staðfest það með þessari sýningu, að hún er vandvirkur málari, sem gædd er miklu hugrekki og einurð, og vinnur því umtalsverðan sigur með þessari sýningu.



Málverkið „Hljómar" nr. 17 í sýningarskrá



„Margt býr í þokunni", nr. 29 í sýningarskrá.

Guðmundur Einarsson frá Miðdal (1895 — 1963)

Minningarsýning að Kjarvalsstöðum

GUÐMUNDUR Einarsson frá Miðdal var mikilvirkur persónuleiki, og það gustaði af atorku og athafnasemi, hvar sem hann bar niður. Hann var málari, myndhöggvari, vann í málmstungum, gerði teikningar og vatnslitamyndir, auk þess sem hann lagði stund á leirmunagerð í miklum mæli. Einnig liggja eftir hann steindir gluggar og ýmiss konar húsaskreytingar, og a.m.k. eitt ritverk, „Fjallamenn", en á því sviði var hann einnig liðtækur.

Þessi upptalning sýnir ljóslega, að maðurinn var ekki einhamur á sviði lista- og framtaks og enga lognmollu mun hann hafa þolað í umhverfi sínu. Hitt er svo annað mál, hvort slík dreifing orku sé æskileg á svo breiðu sviði lista og athafna, því að hvert eitt svið listrænna athafna krefst sérstakrar einbeitingar og því ofurmannlegt að ná til hæða, iðki viðkomandi þær allar jöfnum höndum. Jafnvel Picasso var vanur að einbeita sér að einu sviði í senn og leggja sig allan fram innan marka þess, þótt hann gripi á stundum í eitt og annað sér til afþreyingar.

Ekkja og synir Guðmundar Einarssonar hafa sett upp minningarsýningu á verkum listamannsins að Kjarvalsstöðum í tilefni 80. ára afmælis hans en sú sýning stendur nú yfir og lýkur á sunnudagskvöld. Kennir þar margra grasa, sem vænta má, en ýmislegt skortir þó á, að raunveruleg heildarmynd fáist yfir starfsferil listamannsins. Ekki hefur það verið auðvelt verk að ná saman þessari sýningu, svo umfangsmikið sem lífsverk Guðmundar var en sjálfur mun hann hafa látið hafa eftir sér árið 1940 að myndir hans væru orðnar um 600 talsins, og átti hann þá eftir að lifa í nær aldarfjórðung mikillar athafnasemi. Vafasamt er hvort fjölskyldur listamanna séu rétti aðilinn til að setja upp slíkar yfirlitssýningar, sagan segir okkur a.m.k. hið gagnstæða, en viljann ber að meta, þótt ýmsir hnökrar verði á framkvæmdinni. Ljósmyndir og annáll æviferils myndlistarmannsins hefðu t.d. brugðið mikilsverðu ljósi á leið hans, og orðið ókunnugum af yngri kynslóð ómetanlegur fróðleikur. Þá á að vera hægt að sjá höggmyndir og keramikverk frá öllum hliðum rúmtaksins, en þeim verkum á ekki að vera stillt upp við vegg líkt og í verzlunum takmarkaðs húsrýmis. Fleira mætti nefna en að öðru leyti má segja, að heildarmyndin sé allgóð, en þó full slétt sakir fjölda verka. Vissulega hefðu ýmsar sölumyndir mátt víkja fyrir gildari verkum.

Ferill þessa listamanns er í stuttu máli sá, að hann hóf nám hjá Stefáni Eiríkssyni 1911 og var undir handleiðslu hans næstu tvö árin, einnig stundaði hann nám í Kaupmannahöfn og seinna í München, er hugur hans stefndi aðallega að höggmyndalistinni. Einnig nam hann þar eirstungutækni og sennilega margt fleira til útrásar viðtækri starfselju.

Námsbrautir hans mega því teljast drjúgar, en þeir sem undrast verkefnaval Guðmundar, manns sem numið hafði í heimsborginni München, skulu hafa í huga að borgin var, þegar hann og raunar fleiri íslenzka listamenn bar þar niður, ekki lengur í brennidepli þeirra umbrota, er þar áttu upphaf sitt í byrjun aldarinnar og framundir fyrra stríð (þetta var 1921). Borgin var þá nær einangruð frá hræringum samtímans, og svonefnd „Heimatkunst" (átthagalist) var í miklum uppgangi. Sú list féll eðlilega og rökrétt í góðan jarðveg hjá hinum ungu og íhaldsömu listspírum frá bókmenntaþjóðinni, og þeir báru allir svip þessarar skólunar, er þeir fóru að virkja áhrifin í heimalandi sínu, og má það teljast skiljanlegt. Eins hefði það talizt eðlilegt að þeir sömu menn hefðu komið heim með önnur viðhorf, hefðu þeir komið á þessar slóðir áratug fyrr, jafnvel þótt þeim hefði gengið erfiðlega að melta umbrotasamar hræringar.

Guðmundur gerist þannig rökrétt einn af fyrirsvarsmönnum átthagalistar, er hann kom heim, og þessari viðleitni sköpunar þjóðlegrar myndlistar fylgdi hann alla tíð, og mun þar hafa verið um eðlislæga þróun mála að ræða frekar en hagnaðarvon, enda efnaðist hann ekki fyrr en seinna þrátt fyrir starfseljuna.



Yfirlitsmynd yfir sýninguna.

Guðmundur Einarsson frá Miðdal var þannig trúr skólun sinni allt sitt líf, og eðlilegt má teljast, að hann ætti ekki samleið með framúrstefnulistamönnum hérlendis og ætti í útistöðum við þá, því að sú tegund listar var honum lokuð bók. Ýmsar vatnslitamyndir á sýningunni á Kjarvalsstöðum sýna þó, að tilfinning var fyrir hendi fyrir umbúðalausum, skynrænum vinnubrögðum með liti, svo sem myndirnar „Hekla" (56), „Frá Lapplandi" (81), „Úr Ásbyrgi" (83) og „Morgun" (87). Þá bera sum málverkanna af, að mínu mati, fyrir innlifun og listræn tilþrif, svo sem „Margt býr í þokunni" (29), „Hofsjökull" (30), „Svartisteinn", „Alpar" (38) og „Landslag" (41), sem var ein fyrsta mynd Guðmundar. — Fyrir aðdáendur rómantískrar þjóðlegrar átthagalistar mun mikill fengur að þessari sýningu, og fyrir aðra nokkur fróðleikur til aukins skilnings á þróun og lífsferli þessa athafnamikla myndlistarmanns.